

Fundargerð 509

Föstudaginn 3. júní 2022 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Sauðármýri 2, Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Jónína Björk Óskarsdóttir (JBÓ), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Óli Halldórsson (ÓH). Gunnar og Óli tengdust fundinum með fjarfundarbúnaði. Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Elíasson (AME) settur forstjóri, Einar Örn Hreinsson (við dagskrárlið 8), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs, Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 11) og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 10:35 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Starfsáætlun stjórnar - til afgreiðslu
3. Kosning í endurskoðunarnefnd - til afgreiðslu
4. Öryggisstefnur upplýsingatæknikerfa - til afgreiðslu
5. Uppfærðar verklagsreglur um vanskilæftirlit - til afgreiðslu
6. Lánamál
 - a. ...
 - b. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
7. Árangur ársins 2021 kynntur ráðuneytinu - til kynningar
8. Vaxtakjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu
9. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
10. Mannfjöldaspá Byggðastofnunar - til kynningar
11. Staðan í sauðfjárrækt í byggðalegu tilliti - til kynningar
12. Landsbyggðastrætó og gjaldskrárbreytingar - til kynningar
13. Fyrirkomulag ráðningu forstjóra Byggðastofnunar - til afgreiðslu
14. Önnur mál
15. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar nr. 508. Formaður vakti athygli á breytingu frá áður útsendri fundargerð.

Formaður bar upp fundargerð síðasta fundar til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

2. Starfsáætlun stjórnar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur starfsáætlun stjórnar 2022-2023 frá settum forstjóra með tillögum að dagsetningum stjórnarfunda og föstum dagskrárliðum stjórnar Byggðastofnunar til apríl 2023 sem AME kynnti.

Til máls tóku KB, MaH og ÓH.

Formaður bar upp starfsáætlun stjórnar 2022-2023 og var hún samþykkt samhljóða.

3. Kosning í endurskoðunarnefnd - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns rekstrarsviðs um skipun í endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar og starfsreglur endurskoðunarnefndar sem MH kynnti.

Ragna Hjartardóttir hefur óskað eftir því að fara úr nefndinni. Lagt er til að endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar verði skipuð eftirfarandi aðilum; Kristbjörg Kristbergsdóttir löggiltur endurskoðandi sem verði formaður, Ágústa Katrín Guðmundsdóttir löggiltur endurskoðandi og Halldóra Kristín Hauksdóttir. Jafnframt verði María Hjálmarsdóttir varamaður.

Til máls tók KB.

Formaður bar upp ofangreinda tillögu og var hún samþykkt samhljóða.

4. Öryggisstefnur upplýsingatæknikerfa - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns rekstrarsviðs um staðfestingu á öryggisstefnum tengdum upplýsingaöryggi, stefnur Byggðastofnunar tengdar upplýsingaöryggi, fundargerð 6. fundar öryggisnefndar og leiðbeinandi tilmæli FME nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila. sem MH kynnti.

Skv. leiðbeinandi tilmælum FME nr. 1/2019 skal stjórn eftirlitsskylds aðila setja stefnu eða eftir atvikum stefnur þar sem fram koma m.a. markmið með og öryggiskröfur til reksturs upplýsingakerfa.

Öryggisnefnd Byggðastofnunar yfirfór aðgangsstefnu, fjarvinnustefnu, útvistunarstefnu, öryggisstefnu og öryggisafritunarstefnu á sérstökum fundi og leggur til við stjórn að þær verði staðfestar.

Formaður bar ofangreinda tillögu upp og var hún samþykkt samhljóða.

5. Uppfærðar verklagsreglur um vanskilaeftirlit - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá settum forstjóra og forstöðumönnum lögfræði- og rekstrarsviðs um uppfærðar innheimtureglur Byggðastofnunar. Einnig liggja fyrir fundinum reglur um innheimtu og löginnheimtu Byggðastofnunar frá árinu 2015, reglur um vanskilafundi frá árinu 2017 og nýjar reglur um innheimtu Byggðastofnunar sem sameina fyrrnefndar reglur og eru lagðar fyrir stjórnarfund til afgreiðslu.

Kynnti AME tillögu að nýjum innheimtureglum og helstu breytingar sem verða á eftirliti með vanskilum. Lagt er til að nýjar reglur um innheimtu Byggðastofnunar verði samþykktar af stjórn.

Til máls tóku MBJ, GP, HÁ, MaH, AME, JBÓ, ÓH og HKH. Umræður urðu um jafnræði viðskiptavina vegna heimildar í nýjum reglum um að líta megi til byggðasjónarmiða við löginnheimtu.

Formaður bar upp nýjar reglur um innheimtu Byggðastofnunar og voru þær samþykktar samhljóða.

6. Lánamál

a. ...

...

b. *Fundargerðir lánanefndar - til kynningar*

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 15/22-16/22 sem AME og HÁ kynntu.

Til máls tók GP.

7. Árangur ársins 2021 kynntur ráðuneytinu - til kynningar

Fyrir fundinum liggur árangurssamantekt Byggðastofnunar fyrir árið 2021 sem stofnunin tók saman fyrir innviðaráðuneytið í kjölfar fjárveitingarbréfs sem henni barst sem AME kynnti auk kynningar sem haldin var fyrir starfsfólk ráðuneytisins. Í árangurssamantektinni er samantekt á árangri ársins 2021 á grundvelli eftirfarandi viðmiða:

- Fjármálaáætlunar 2021-2025, þ.m.t. árangursmælikvarða og viðmiða sem stofnunin ber ábyrgð á
- Greinargerðar með frumvarpi til fjárlaga 2021
- Þriggja ára áætlunar Byggðastofnunar 2021-2023
- Ársáætlunar (rekstraráætlunar) 2021 skv. bráðabirgða uppgjöri
- Annarra áhersluverkefna og almennra áherslna í ríkisrekstri

Til máls tóku MBJ, KB og GP.

8. Vaxtakjör Byggðastofnunar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá settum forstjóra og forstöðumanni rekstrarsviðs þar sem fjallað er um vaxtakjör stofnunarinnar og þau borin saman við vaxtakjör viðskiptabankanna sem AME kynnti.

Lagt er til að lækka verðtryggt kjör á almennum lánum um 0,2 prósentustig, úr 5,7% í 5,5% þar sem svigrúm hefur myndast til þess og vaxtamunur er yfir markmiðum í Áhættustefnu. Lagt er til að lækkunin taki gildi 1. júlí n.k.

Til máls tóku MBJ, GP, AME, og JBÓ.

Formaður bar ofangreinda tillögu upp og var hún samþykkt samhljóða.

9. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar 31. maí sl. og yfirlit yfir rekstur stofnunarinnar 30. apríl sem SEP og MH kynntu.

GP spurði um málefni jarðarinnar Mön og fór HÁ yfir stöðuna í því máli.

10. Mannfjöldaspá Byggðastofnunar - til kynningar

EÖH tengdist fundinum með fjarfundabúnaði og kynnti nýja skýrslu um mannfjöldaspá stofnunarinnar sem nýlega kom út.

Til máls tóku KB, MaH, MBJ og ÓH.

EÖH vék af fundi.

Formaður gerði fundarhlé kl. 12:07 og hófst fundur aftur kl. 12:37.

11. Staðan í sauðfjárrækt í byggðalegu tilliti - til kynningar

SÁ kom á fundinn undir þessum dagskrárlið og kynnti samantekt um sauðfjárrækt sem innviðaráðuneytið óskaði eftir út frá eftirtöldum atriðum:

- Dreifing sauðfjárþúfa um landið út frá framleiðslumagni annarsvegar og fjölda þúfa hins vegar

- Byggðafesta og búferlaflutningar
 - Byggðaáhrif sauðfjárræktar
- Þróun í kynslóðaskiptum síðastliðin 5 ár og meðalaldur bænda út frá stærð framleiðslueininga
 - Vænt kynslóðaskipti í sauðfjárrækt
- Lánveitingar Byggðastofnunar til sauðfjárræktar
- Þróun í afkomu sauðfjársjúka síðastliðin 5 ár
- Horfur í þróun á afkomu á næstu 5 árum í sauðfjárrækt, meðal annars með tilliti til hækkandi verðs á aðföngum

Miðað við forsendur í skýrslunni og uppreikning á helstu kostnaðarliðum, að teknu tilliti til rekstrartaps undanfarinna ára, er ljóst að forsendur sauðfjársjúkavæðingar að óbreyttum afurðatekjum og opinberum greiðslum eru brostnar. Líklegt er að rekstrarniðurstaða meðalsauðfjársjúkavæðingar sem hlutfall af tekjum verði neikvæð um allt að 50% næstu tvö árin a.m.k. og að rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir verði neikvæð um í kringum 25%. Það þýðir að afurðatekjur þurfa að vera 900-1.000 kr. á kg. að óbreyttum opinberum greiðslum til að rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir verði jákvæð.

Til máls tóku GP, ÓH, MBJ, KB, HKH, JBÓ, SEP.

GP vék af fundi.

Í umræðum kom fram að til að leita lausna á stöðunni þurfi margir aðilar að koma að því verkefni. Stjórn felur starfsfólki Byggðastofnunar að koma með tillögu að aðkomu stofnunarinnar að málinu.

SÁ vék af fundi.

12. Landsbyggðastrætó og gjaldskrárbreytingar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns þróunarsviðs sem SEP kynnti þar sem farið er yfir nýlega breytingu á gjaldskrá landsbyggðavagna. Einnig fylgir með minnisblað frá Vegagerðinni til Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna fyrirspurnar þeirra um gjaldskrárbreytinguna

Til máls tók KB, MBJ og ÓH.

Byggðastofnun lýsir yfir áhyggjum á gjaldskrárbreytingu á mánaðarkortum í landsbyggðarvagna Strætó sem sett voru í sölu apríl sl. Eftir gjaldskrárbreytinguna er ekki lengur veittur afsláttur þegar keyptir eru fleiri en einn mánuður í einu.

Breytingin kemur verst niður á íbúum í nágrennasveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins sem nýta landsbyggðarvagna daglega til að sækja vinnu og skóla á höfuðborgarsvæðið.

13. Fyrirkomulag ráðningu forstjóra Byggðastofnunar - til afgreiðslu

AME, MH, HÁ og SEP lýstu vanhæfi sínu og viku af fundi undir þessum dagskrárlið.

Formaður fór yfir minnisblað sem sent hafði verið á stjórnarmenn fyrir fundinn.

Aðalsteinn Þorsteinsson hefur látið af störfum sem forstjóri Byggðastofnunar. Samkvæmt lögum nr. 106/1999 um Byggðastofnun þarf stjórn að gera tillögu til ráðherra sem skipar forstjóra til fimm ára í senn.

Stjórn samþykkir það fyrirkomulag að skipuð verði hæfisnefnd sem gerir tillögu til stjórnar um skipan forstjóra sem aftur gerir tillögu til ráðherra sem skipar í stöðuna. Hæfisnefndin

verði skipuð tveimur fulltrúum í stjórn Byggðastofnunar og einum fulltrúa Innviðaráðuneytis. Í hæfisnefnd voru tilnefnd af hálfu stjórnar, Halldóra Kristín Hauksdóttir og Karl Björnsson en Sigrún Þorleifsdóttir mannauðsstjóri í Innviðaráðuneytinu verði fulltrúi þess. Til að gæta óhæðis verði ráðningarferlið ekki unnið innan Byggðastofnunar heldur í nánú samráði við Innviðaráðuneytið sem mun sjá um að auglýsa starfið. Gert er ráð fyrir að forstjóri verði skipaður frá 1. september nk.

14. Önnur mál

AME, HÁ og MH komu aftur inn á fund.

Engin önnur mál eru á dagskrá

15. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn 30. ágúst á Suðurlandi.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 13:50

Magnús Helgason, fundarritari

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Jónína Björk Óskarsdóttir

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson